

Sigtryggur Árnason lögregluþjónn, sem ók bílnum sömu leið inn í sundið, telur, að möguleikar væru til þess, að ákærði hefði getað séð barnið, ef hann hefði gáð vel að, en til þess virðist ákærði hafa þurft að vita af barninu þarna áður. Enn fremur ber að geta þess, að Sigtryggur er mun hærri maður en ákærði, sem er lágur maður vexti, og sjónarhæð hans því meiri.

Eins og hér að framan er tekið fram, virðist ákærði hafa sýnt hina mestu gætni í akstri sínum, enda ekið mjög hægt og stoppað tvisvar vegna barna á götunni. Er slysið varð, var hann rétt að taka af stað, og hraði bifreiðarinnar mjög lítill. Verður að líta svo á, að ákærði hafi sýnt alla þá gætni, sem af honum verður krafizt sem ökumanni. Auk þess benda rannsókn og mælingar verkfræðingsins til þess, að ákærði gat ekki séð barnið úr sæti sínu á leið þeirri, er hann fór.

Að öllu þessu athuguðu, getur rétturinn eigi talið ákærða bera refsiverða ábyrgð á dauða drengsins Hannesar Ragnarssonar, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins og dæma ríkissjóð til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 500.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 500.00.

Föstudaginn 23. maí 1952.

Nr. 137/1951. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson hdl.)

gegn

**Francis Pichering Daugaard** (Sigurður Ólason).

Lögbrot í sambandi við rekstur veitingahúss.

#### Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar ákærða Francis Pichering Daugaard.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð í málinu.

1. Með samningi 10. október 1949 seldi Tivoli Café h/f Ólafi Sveinssyni Björnssyni á leigu frá 15. s. m. og til 15. október

1950 veitingahúsið Tivoli í Reykjavík. Þeir Ólafur og ákærði stofnuðu samtímis með sér félagsskap um rekstur veitingahússins. Skyldi ákærði Dagaard veita rekstrinum forstöðu og taka tiltekin mánaðarlaun, en annar hagnaður af fyrir-tækinu skyldi skiptast að jöfnu á milli þeirra. Talið er, að stofnað hafi verið um líkt leyti, að því er virðist fyrir for-göngu ákærða Dagaards, skemmtifélag, svonefndur Vetrar-klúbbur. Taldist Ólafur formaður Vetrarklúbbsins, en hann kveður sig samt ekki hafa haft nein afskipti af honum, heldur hafi Dagaard eingöngu um hann vélað. Er leigusamningur-inn frá 10. október var útrunninn, tóku þeir Dagaard og Ólafur Sveinsson Björnsson veitingahúsið með framhalds-samningi á leigu til 15. október 1951. Bæði Vetrarklúbburinn og ýmis önnur félög og samneyti héldu skemmtisamkomur í veitingahúsinu Tivoli, og aflaði ákærði Dagaard iðulega leyfis lögreglufirvalda til áfengisveitinga á slíkum samkom-um. Verður ekki séð annað af prófum málsins en að ákærði Dagaard hafi verið aðalráðamaður veitingarekstrarins og að Ólafur hafi haft þar takmörkuð afskipti. Starfsemi ákærða Dagaards verður því að telja rekstur atvinnufyrirtækis. Á-kærði hafði á hendi forstöðu veitingahússins frá 15. október 1949, til þess er honum var vísað úr landi 5. júlí 1951. Til þessarar starfsemi hafði hann ekki atvinnuleyfi. Eftir gildis-töku laga nr. 39 frá 15. marz 1951 varðar þessi starfsemi hans án atvinnuleyfis hann refsingu samkvæmt 6. sbr. 9. gr. laga nr. 39/1951.

2. Svo sem áður segir, var ákærði aðalráðamaður um rekst-ur veitingahússins Tivoli og naut hagnaðar að hálfu af rekstr-inum. Ákærða var því lögskýlt að annast um, að veitingaleyfis væri aflað til rekstrarins. Þetta hefur ákærði ekki gert. Varð-ar það hann refsingu samkvæmt 2. gr. sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 21/1926.

3. Með játningu ákærða Dagaards og prófum málsins er sannað, að hann hefur um skeið, eftir að hann tók við for-stöðu veitingahússins, selt hinum svonefndu félagsmönnum Vetrarklúbbsins áfengi milli kl. 4 og 7 á laugardögum og sunnudögum. Þá þykir og sannað með vætti tveggja eiðfesta vitna, sem styrkt er af öðrum gögnum, að veitt hafi verið á-

fengi í veitingahúsi ákærða eftir lögboðinn lokunartíma veitingahúsa. Með hvorri tveggja þeirri hegðun, sem lýst var, hefur ákærði, sem annaðist veitingarekstur án veitingaleyfis, gerzt sekur við 32. gr. laga nr. 33/1935 samkvæmt lögjöfnun og 10. gr. reglugerðar nr. 126/1945.

Með játningu ákærða er það sannað, að hann hefur látið nafngreindan mann hafa a. m. k. tvisvar sinnum áfengi til brotthafnar úr veitingahúsinu og neyzlu utan þess. Þetta atferli varðar ákærða refsingu eftir 32. gr. laga nr. 33/1935 samkvæmt lögjöfnun.

4. Að vætti fjögurra eiðfesta vitna, sem kemur heim við próf málsins að öðru leyti, hefur ákærði Daugaard hleypt fólki inn á skemmtanir í veitingahúsinu eftir lögboðinn lokunartíma. Varðar þetta atferli ákærða refsingu samkvæmt 79. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930.

Refsing ákærða fyrir þau brot, sem að framan eru rakin, ákveðst með hliðsjón af lögum nr. 14/1948 10000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestast, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Rannsókn málsins er ófullkomin. Skýrslur brestur um stofnun og tilvist hins svonefnda Vetrarklúbbs. Ýmis vitni, er um málið gátu borið, hafa sum ekki verið kvödd fyrir dóm og önnur ekki eiðfest.

#### Dómsorð:

Ákærði, Francis Pichering Daugaard, sæti 10000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna eftir birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestast, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Gunnars E. Benediktssonar og hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1951.**

Ár 1951, laugardaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2501—3/1951: Ákærvaldið gegn Francis Pichering Daugaard, Ólafi Sveinssyni Björnssyni og Bjarna Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 30. s. m.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn kærða Francis Pichering Daugaard forstjóra, Grettisgötu 38, fyrir brot á lögum nr. 21/1926 um veitingasölu o. fl., áfengislögum nr. 33/1935, reglugerð nr. 126/1945, lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930 og lögum nr. 39/1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, gegn kærða Ólafi Sveinssyni Björnssyni héraðsdómslögmanni, Garðastræti 34, fyrir brot gegn lögum nr. 21/1926, áfengislögum nr. 33/1935, reglugerð nr. 126/1945 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930, og gegn kærða Bjarna Guðjónssyni veitingaþjóni, Hverfisgötu 16 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og reglugerð nr. 126/1945.

Allir eru kærðu komnir yfir lögdur sakamanna.

Kærði Daugaard er fæddur 28. maí 1916 í Skanderborg á Jótlandi. Hann var sektaður um kr. 300.00 í lögreglurétti Reykjavíkur þann 5. október s.l. fyrir tolllagabrot, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt annarri kærðu eða refsingu.

Kærði Ólafur er fæddur 3. nóvember 1919 í Reykjavík. Hann var sektaður um kr. 50.00 í lögreglurétti Reykjavíkur þann 29. sept. 1948 fyrir ólöglegt bifreiðarstæði, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt annarri kærðu eða refsingu.

Kærði Bjarni er fæddur 17. ágúst 1927 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

1943 8/11 Reykjavík. Sátt: 10 kr. sekt fyrir að tvímenna á ljóslausu reiðhjóli.

1946 5/2 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögunum og áfengislögunum, og sviptur rétti til að öðlast ökuskirteini í 6 mánuði.

1947 2/9 Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir að stýra bifreið án þess að hafa öðlast ökuskirteini.

1948 31/5 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir of marga farþega í bifreið.  
1950 31/10 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Haustið 1949 hófst starfsemi skemmtifélags, sem nefnt var Vetrarklúbburinn. Var kærði Ólafur formaður stjórnar þessa félags. Félag þetta tók á leigu veitingahúsið í Tivoli og rak þar skemmtistarfsemi sína, og munu skemmtanir á vegum félagsins hafa verið haldnar oft veturinn 1949—1950, vorið 1950 og fram á síðastliðið sumar.

Forstjóri Vetrarklúbbsins var frá upphafi kærði Francis Pichering Daugaard.

Að kvöldi sunnudagsins 27. ágúst s.l. annaðist Guðmundur Sigurgeirsson lögregluþjónn dyravörzlu á skemmtun, sem Vetrarklúbburinn hélt í veitingahúsinu í Tivoli. Í skýrslu til lögreglustjóra vakti hann athygli á óvenjulegri ásókn fólks til að komast inn á skemmtunina eftir lögboðinn lokunartíma (kl. 11½), og einnig lýsti hann í skýrslu sinni um þessa skemmtun grun sínum um, að fleiri hefðu komið inn á skemmtunina en farið hefðu þangað inn um aðaldyr veitingahússins.

Meðan á þessari umræddu skemmtun stóð, var beðið um aðstoð lögreglunnar til að handsama menn, sem heimildarlaust voru á ferli í skemmtigarðinum í Tivoli. Fóru 3 lögreglumenn á staðinn til að sinna kvaðningunni, en er til kom, neitaði kærði Daugaard, forstjóri Vetrarklúbbsins og forstöðumaður skemmtunarinnar, sem þá stóð yfir í veitingahúsinu í Tivoli, að hleypta lögreglumönnum inn í veitingasalinn til þess þaðan að fara út í skemmtigarðinn. Kvartaði Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn, sem var einn þeirra 3ja lögreglumanna, sem sendir voru á staðinn í fyrrnefndum erindagerðum, undan þessu atferli kærða Daugaards í skýrslu til lögreglustjóra.

Fyrrnefndar skýrslur lögreglumannanna, sem fyrr eru nefndir, munu síðan, a. m. k. að einhverju leyti, hafa orðið til þess, að fulltrúi lögreglustjóra tók skýrslur af nokkrum mönnum, sem nokkuð voru kunnugir rekstri Vetrarklúbbsins, en samkvæmt þessum skýrslum virtist ástæða til að ætla, að ekki myndi allt vera með felldu um skemmtanahöld þessa félags eða háttsemi forstöðumanna þess í sambandi við skemmtanir, haldnar á vegum félagsins.

Í bréfi til sakadómara, dags. 7. sept. s.l., óskaði síðan lögreglustjórinn í Reykjavík rannsóknar á þeim atriðum, sem samkvæmt fyrrnefndum skýrslum virtist ekki vera allt með felldu um í sambandi við skemmtanir Vetrarklúbbsins.

Rannsóknarlögreglan tók síðan skýrslur af ýmsum mönnum, sem ætla mátti, að kunnugir væru skemmtanahöldum Vetrarklúbbsins, og virtist samkvæmt þeim skýrslum ástæða til að ætla, að ýmiss konar misferli ætti sér stað í sambandi við skemmtanahöld umrædds félags. Að fengnum þeim upplýsingum, sem í skýrslum rannsóknarlögreglunnar og lögreglustjóra fólust, fól síðan dómismálaráðuneytið sakadómara að taka mál þetta til réttarrannsóknar (6. október s.l.).

Við rannsókn málsins hefur verið leitast við að leiða í ljós, hvort við

rök hefði að styðjast sá grunur um ýmiss konar misferli í sambandi við skemmtanahöld Vetrarklúbbsins, sem skýrsla rannsóknarlögreglunnar og skýrslur lögreglustjóra gefa tilefni til, en samkvæmt þessum skýrslum svo og í samræmi við fyrirmæli dómsmálaráðuneytisins virtist vera ástæða til að rannsaka sérstaklega eftirtalin atriði í sambandi við rekstur margnefnds Vetrarklúbbs:

- I. *Hvort fólk hefði fengið aðgang að skemmtunum eftir lögboðinn lokunartíma.*
- II. *Hvort áfengi hefði verið selt á veitingastaðnum til þess að fara með það brott og neyta þess utan hans.*
- III. *Hvort vínveitingar hefðu farið fram á veitingastaðnum lengur eða á öðrum tímum en leyfilegt var, og loks*
- IV. *Hvort veitingasala í sambandi við rekstur Vetrarklúbbsins hefði verið rekin af þeim, sem til þess hafði leyfi.*

Við rannsókn á fyrrnefndum atriðum hafa allmargir, sem ástæða var til að ætla, að um þau gætu borið, verið kvaddir fyrir rétt, og verður nú framburðum þeirra stuttlega lýst um þessi 4 atriði í þeirri röð, sem þau eru talin upp hér að framan.

#### *Um I.*

Vitnið Karl Laxdal Björnsson verkamaður, Bergþórugötu 15, var næturvarðmaður í skemmtigarðinum í Tivoli frá 1. maí 1950 og a. m. k. fram eftir sumri sama ár. Vitnið ber, að það hafi oft séð fólki vera hleypt inn á skemmtisamkomur í veitingahúsinu eftir kl. 11½ á kvöldin og allt fram til kl. 1 eftir miðnætti, bæði um aðaldyr og bakdyr veitingahússins, en ekki kveðst það muna eftir að hafa þekkt neitt af því fólki, sem þannig fékk aðgang að skemmtunum á þessum stað. Vitnið kveðst ekki minnst þess, að það hafi séð kærða Daugaard standa fyrir fyrrnefndu athæfi, en kveðst hafa séð fulltrúa kærða Dagaards, sem vera mun Sigurður Norðmann Júlíusson verkamaður, Fálkagötu 20, en hann var starfsmaður Vetrarklúbbsins frá byrjun (haustið 1949) og nær óslitið a. m. k. fram á sumar 1950. Neitar Sigurður Norðmann því afdráttarlaust, að hann hafi nokkru sinni átt hlut að því, að fólki væri hleypt inn í veitingahúsið í Tivoli eftir lokunartíma.

Vitnið Höskuldur Jóhannesson, Drápuhlíð 48, var þjónn í samkomuhúsinu í Tivoli frá um 20. maí 1950 þar til um mánaðamót júní—júlí sama ár. Kveðst það nokkrum sinnum hafa orðið vart við, meðan það starfaði á þessum stað, að ákærði Daugaard hleypti fólki bakdyramegin inn á skemmtanir, sem haldnar voru í veitingahúsi þessu, eftir lögboðinn lokunartíma, en ekki kveðst vitnið þekkja neitt af því fólki, sem þannig komst inn á dansskemmtanir. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að aðrir starfsmenn umrædds samkomuhúss en kærði Daugaard sjálfur hleyptu fólki inn á skemmtanir, sem haldnar voru á þessum stað, á þenna hátt.

Kærði Bjarni Guðjónsson var kvaddur sem vitni við rannsókn málsins, áður en honum var tilkynnt, að hann væri meðákærður í málinu. Er kærði Bjarni, sem starfaði sem veitingaþjónn í veitingahúsinu í

Tívoli frá því um miðjan febrúar 1950 þar til síðast í maímánuði sama ár, að það hafi verið mjög algengt, meðan hann starfaði á þessum stað, að fólki hafi verið hleypt inn bakdyramegin á skemmtanir eftir venjulegan lokunartíma og allt fram til þess, að skemmtunum lauk, en þetta segir kærði Bjarni kærða Daugaard jafnan hafa gert sjálfan. Hefur kærði Bjarni meira að segja tekið fram, að það hafi verið flestir meðlimir Vetrarklúbbsins, sem kærði Daugaard hleypti þannig inn á skemmtanir klúbbsins, en ekki segist hann (kærði Bjarni) yfirleitt vita um nöfn þessa fólks. Kærði Bjarni kveðst þó vita um, að Bjarni Þórðarson heildsali hafi oft farið inn á skemmtanir Vetrarklúbbsins eftir lokunartíma og yfirleitt gengið mjög frjálsgla um húsakynni í Tívoli.

Vitnið Bjarni Þórðarson heildsali, Grenimel 36, en það er nú látið, segir kærða Daugaard þrisvar til fjórum sinnum veturinn 1949—1950 hafa veitt sér inngöngu á skemmtanir Vetrarklúbbsins í Tívoli eftir lögboðinn lokunartíma eða milli kl. 11½ og 12 á miðnætti. Kveðst vitnið oftast hafa verið með gest með sér í þau skipti, sem það komst inn á skemmtanir klúbbsins á þenna hátt, og farið fyrst inn á skrifstofu kærða Daugaards í veitingahúsinu, en síðan þaðan inn í veitinga- og danssalina.

Vitnið Snorri Rögnvaldur Gunnarsson forstjóri, Drápuhlíð 1, var meðlimur í Vetrarklúbbum, meðan skemmtifélag þetta hélt uppi skemmtunum. Kveðst það þó nokkrum sinnum hafa komizt inn á skemmtanir, sem haldnar voru á vegum klúbbsins í veitingahúsinu í Tívoli, bakdyramegin, eftir að aðaldyrum hússins hafði verið lokað. Kveðst vitnið muna, að það hafi komið milli kl. 11½ og 12 á miðnætti og verið á þeim tíma viðstöðulaust hleypt inn í veitingahúsið bakdyramegin. Það segir sig minna, að í hvert skipti, sem því var veittur aðgangur á skemmtanir klúbbsins á þenna hátt, hafi fleiri og færri kunningjar þess verið í fylgd með því, og hafi þeim einnig verið veittur aðgangur að skemmtunum á þenna hátt. Vitnið segir kærða Daugaard a. m. k. tvisvar sinnum hafa hleypt sér inn á skemmtanir klúbbsins á þenna hátt, en í þau skipti hafi fólki, sem kærði Daugaard virtist þekkja, en vitnið ekki, farið inn í húsið um leið. Í hin skiptin, sem vitnið fór á þenna hátt inn í umrætt veitingahús og á skemmtanir þar, segir það þjónustufólk í húsinu hafa hleypt sér inn í húsið, enda segir það sér hafa virzt sem slíkt væri algengt í þessu veitingahúsi.

Vitnið Þuríður Erlendsdóttir starfsstúlka, Vífilsgötu 10, var framreiðslustúlka í veitingahúsinu í Tívoli frá því um miðjan júlímánuð s.l., þar til veitingahúsinu var lokað um mánaðamót ágúst—september s.l.

Meðan það starfaði í veitingahúsi þessu, kveðst það hafa orðið vart við, að kærði Daugaard hleypti fólki bakdyramegin inn á skemmtanir í umræddu veitingahúsi eftir lögboðinn lokunartíma. Telur vitnið aðallega eða eingöngu hafa verið um að ræða meðlimi Vetrarklúbbsins, sem aðgang fengu að skemmtunum á þenna hátt, og ekki kveðst það vita til, að aðrir starfsmenn veitingahússins hafi veitt fólki þannig aðgang að skemmtunum, höldnum þar, en kærði Daugaard sjálfur.

Vitnið Valdimar Jónsson verzlunarmaður, Nökkvavogi 27, kveðst mjög

oft hafa sótt skemmtanir Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívoli veturinn 1949—1950.

Einu sinni í desembermánuði 1949, að því er það minnir, segir það kærða Daugaard hafa hleypt sér inn á skemmtun, sem haldin var á vegum margnefnds klúbbs í veitingahúsinu í Tívoli, bakdyramegin eftir lögboðinn lokunartíma ásamt fólki, sem vitnið kveðst ekki þekkja.

Vitnið Davíð Ágúst Guðmundsson trésmiður, Laugavegi 69, var á skemmtunum, sem Vetrarklúbburinn hélt í veitingahúsinu í Tívoli nokkrum sinnum veturinn 1949—1950. Ekki segir það sér hafa virzt áberandi, að fólki væri hleypt inn á slíkar skemmtanir eftir lögboðinn lokunartíma, en kveðst vita til, að eigendur eða fyrirsvarsmenn Vetrarklúbbsins og Tívoli hafi komizt þannig inn á skemmtanir klúbbsins á þessum stað, svo sem kærði Ólafur Sveinsson Björnsson og Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður og Einar Arnalds borgardómari.

Allir hafa menn þessir ýmist þvertekið fyrir, að þeir hafi nokkru sinni fengið aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins í Tívoli eftir lögboðinn lokunartíma eða sagt, að ekki minntust þeir þess a. m. k. (Einar Arnalds borgardómari).

Lögreglumennirnir Guðmundur Sigurgeirsson, Magnús Aðalsteinsson og Tryggvi Friðlaugsson, sem hafa annazt dyravörzlu og gæzlu á skemmtunum Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívoli, hafa við rannsókn máls þessa allir lýst grun sínum um, að nokkur brögð hafi verið að því, að fólk fengi aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir venjulegan lokunartíma, og er vikið að framburði Guðmundar um þetta hér að framan.

Tryggvi Friðlaugsson lögreglumaður kveðst með vissu vita um eitt tilfelli um, að fólki hafi verið veittur aðgangur að dansleik í veitingahúsinu í Tívoli eftir lögboðinn lokunartíma. Hafi hann þá verið í eftirlitsferð í umræddu veitingahúsi ásamt Ingvari Erasmus Einarssyni, sem þá var eftirlitsmaður veitingahúsa, og séð nokkra menn á dansleik, sem þá stóð þar yfir, nýlega eftir að hann hafði séð þessa sömu menn á dansleik, sem þá stóð einnig yfir í Sjálfstæðishúsinu, og var þá komið langt fram yfir lögboðinn lokunartíma.

Ingvar Erasmus Einarsson eftirlitsmaður, sem fyrr er nefndur, kveðst oftast en einu sinni hafa séð fólk, sem hann hafði séð fara út af Hótel Borg kl. 11½ að kvöldi, stuttu síðar vera komið inn á dansleiki í veitingahúsinu í Tívoli.

Vitnin Hafliði Þórir Jónsson, Njálsgötu 1, Gísli Einarsson, Drápuhlíð 17, og Steingrímur Gíslason, Nönnugötu 16, sem öll önnuðust hljóðfæraleik á dansleikum í veitingahúsinu í Tívoli haustið 1949, og mun það hafa verið fyrst eftir að Vetrarklúbburinn hóf starfsemi sína, hafa öll borið, að þeim hafi virzt það augljós venja að loka ekki samkomuhúsinu fyrir gestum fyrr en eftir kl. 11½ á kvöldin, er dansleikir voru haldnir þar, og hefur vitnið Hafliði Þórir tekið fram, að kærði Daugaard hafi sagt sér, að þetta væri heimilt, þar eð um „prívat“-samkomur væri að ræða.

Vitnin Baldur Kristjánsson, Freyjugötu 1, og Gunnar Reynir Sveinsson hljóðfæraleikari, sem bæði voru í hljómsveitinni, sem lék fyrir dansi á skemmtunum Vetrarklúbbsins frá því í febrúarmánuði 1950 þar til í byrjun septembermánaðar sama ár, hafa bæði borið, að að vísu viti þau ekki um nein sérstök dæmi um, að fólki hafi verið veittur aðgangur að dansskemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma, en kveðast hafa sterkan grun um, að nokkur brögð væru að slíku.

Vitnin Höskuldur Jóhannesson, Bjarni Guðjónsson, Snorri Rögnvaldur Gunnarsson og Valdimar Jónsson hafa staðfest framburði sína, lútandi að þessu atriði, með eiði.

Ýmsir fleiri, sem kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn þessa máls, hafa verið um það spurðir, hvort þeir vissu til, að fólki hefði verið veittur aðgangur að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma, m. a. fleiri starfsmenn veitingahússins en hér að framan hafa verið taldir, en ekki segist fólk þetta vita til, að slíkt hefði viðgengist.

Kærði Dagaard hefur staðfastlega neitað því við rannsókn málsins, að hann hafi veitt mönnum aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma, öðrum en kærða Ólafi einu sinni, og auk þess hefur kærði Dagaard tekið fram, að það hafi komið fyrir, að hann hafi boðið Bjarna Þórðarsyni heildsala inn á skrifstofu sína, eftir að veitingahúsinu, sem dansskemmtanir stóðu þá yfir í, hafði verið lokað, en hins vegar segir hann það ekki hafa verið með sínu leyfi, að nefndur Bjarni hafi farið inn í veitinga- eða danssali samkomuhússins úr skrifstofu sinni, en þetta kveðst Bjarni hafa gert, eins og hér að framan hefur verið getið.

Undir lok rannsóknar þessa máls tók kærði Dagaard enn fremur fram, að hann vildi ekki fullyrða, að ekki kynni fólki að hafa verið veittur aðgangur að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir kl. 11½ á kvöldin, fyrst eftir að hann (klúbburinn) hóf starfsemi sína, þótt ekki segist kærði Dagaard minnast þessa, og hafi hann lagt bann við, að þetta væri gert.

Út af þessu atriði hefur kærði Ólafur tekið fram, að fólki hafi aldrei verið hleypt inn á skemmtanir Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívoli eftir lögboðinn lokunartíma, a. m. k. ekki svo hann viti.

## Um II.

Vitnið Höskuldur Jóhannesson veitingaþjónn, sem fyrr er getið, kveðst í 2—3 skipti, meðan það starfaði sem þjónn í veitingahúsinu í Tívoli, hafa séð kærða Dagaard selja eða láta af hendi á annan hátt áfengi, sem ekki var neytt á veitingastaðnum, en ekki kveðst það hafa þekkt eða vita nein deili á því fólki, sem átti þessi viðskipti við kærða Dagaard.

Ekki kveðst vitnið vita til, að kærði Dagaard legði nokkru sinni fyrir veitingaþjónnana í veitingahúsinu í Tívoli að selja eða láta af hendi áfengi til manna, sem ekki neyttu þess á staðnum, a. m. k. kveðst það aldrei hafa fengið fyrirsmæli um slíkt.

Vitnið Þuríður Erlendsdóttir, sem einnig hefur verið getið áður, kveðst hafa orðið þess vart, meðan það starfaði í veitingahúsinu í Tívoli, að

kærði Dagaard seldi áfengi út úr veitingahúsinu til neyzlu utan þess, og kveðst það a. m. k. vera alveg vissu um, að slíkt átti sér stað á dansleiknum, sem haldinn var í veitingahúsinu að kvöldi mánudagsins um verzlunarmannahelgina í fyrrasumar. Einnig kveðst vitnið hafa orðið vart við, að kærði Dagaard seldi þannig smurt brauð og gosdrykki auk vínsins, en engan þeirra, sem keypti þessar vörur, kveðst vitnið hafa þekkt eða geta nafngreint.

Vitnið Davíð Ágúst Guðmundsson, sem áður hefur verið nefnt, segir það hafa komið fyrir, að því er það minnir, fjórum sinnum, meðan það starfaði við smíðar í veitingahúsinu í Tívoli, að kærði Dagaard léti það fá eina flösku af áfengi í hvert skipti, og hafi hann gert þetta samkvæmt beiðni vitnisins um að selja sér áfengi. Vitnið kveðst síðan hafa haft vinið á brott með sér, og hafi þess verið neytt utan veitingastaðarins. Nokkuð af þessu áfengi segir vitnið kærða Dagaard hafa selt sér á sama verði og áfengisverzlun ríkisins selur vín, en sumt á veitingahússverði.

Vitnið Snorri Rögnvaldur Gunnarsson, sem áður hefur verið nefnt í atvikaýsinguinni hér að framan, kveðst oft hafa keypt áfengi í veitingahúsinu í Tívoli til þess að fara með það og neyta þess utan veitingastaðarins. Aldrei segir vitnið kærða Dagaard sjálfan hafa selt sér áfengi á þenna hátt, heldur hafi það verið þjónarnir í húsinu, oftast eða alitaf Christian Hjartarson, sem seldu því vinið á sama verði og það var selt inni í veitingahúsinu.

Christian Hjartarson veitingaþjónn, Miklubraut 1, var yfirþjónn í veitingahúsinu í Tívoli veturinn 1949—1950, en hætti því starfi í júnimánuði 1950. Af honum voru teknar skýrslur varðandi rekstur umrædds veitingahúss hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og hjá rannsóknarlögreglunni í upphafi rannsóknar þessa máls, en hann var farinn af landi brott, þegar réttarrannsókn málsins hófst, og er ekki vitað, að hann sé aftur kominn til landsins nú, er dómur þessi er kveðinn upp. Í fyrrnefndum skýrslum sínum fullyrðir Christian Hjartarson, að áfengi hafi verið selt út úr veitingahúsinu á öllum tímum, meðan hann starfaði þar. Nafngreindi hann 2 menn, sem hann sagði kærða Dagaard hafa selt þannig áfengi. Annar þessara manna, vitnið Davíð Ágúst Guðmundsson, hefur staðfest þessa frásögn Christians, eins og framburður hans hér að framan ber með sér, en hinn hinna nafngreindu manna, Gunnlaugur Bjarnason Melsteð trésmíðameistari, Rauðarárstíg 3, segir kærða Dagaard aldrei hafa selt sér áfengi til að fara með það og neyta þess utan þess, en segir Christian Hjartarson sjálfan hins vegar einu sinni hafa selt sér eina flösku af áfengi til neyzlu utan veitingastaðarins.

Til viðbótar því, sem hér að framan hefur verið sagt, hefur nefndur Christian tekið fram, að kvöld eitt vorið 1950 hafi félag nokkurt, Steypustöðin h/f, haldið aðalfund sinn í veitingahúsinu í Tívoli, og hafi þar mætt 11 menn.

Þegar menn þessir fóru, segir Christian kærða Dagaard hafa skipað sér og kærða Bjarna Guðjónssyni, sem þá starfaði sem veitingaþjónn í

veitingahúsinu í Tívoli, að láta hvern stjórnarmeðlimanna, sem vildi, fá eina flösku af áfengi með sér brott og bæta andvirði þeirra á reikning félagsins. Kveðst Christian síðan hafa afhent sumum fundarmanna áfengi, er þeir fóru, samkvæmt þessari skipun kærða Dagaards, en aðra hafi kærði Bjarni afgreitt, og hefur hann viðurkennt, að svo hafi verið, og kveðst eins og Christian Hjartarson hafa gert það eftir skipun kærða Dagaards.

Loks telur nefndur Christian kærða Dagaard hafa afhent einum fundarmanna, Sigurgeiri Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, eina áfengisflösku, þegar hann (Sigurgeir) fór af fundi. Ekki kveðst Sigurgeir minnst þessa eða hafa orðið þess var, að aðrir hafi fengið afhent eða keypt áfengi í umræddu veitingahúsi til að fara með það brott og neyta þess utan veitingastaðarins. Hann minnst þó þess, að hann hafi verið staddur á umræddum fundi.

Vitnið Ólafur Sigurður Alexandersson sjómaður, Skúlaskeiði 16 í Hafnarfirði, kveðst hafa komið á 3—4 dansleiki, sem haldnir voru á vegum Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívoli síðastliðið vor og sumar (1950). Eftir einn af þessum dansleikum kveðst vitnið hafa keypt eina flösku, sem aqua vitae skyldi vera í, af einhverjum starfsmanni veitingahússins, sem vitnið kveðst ekki vita, hvað heiti, en sé þó ekki kærði Dagaard.

Fyrir flösku þessa kveðst vitnið hafa greitt kr. 130.00, en er það hugðist neyta innihalds flöskunnar, segir það í henni hafa verið óblandað vatn.

Vitnin Höskuldur Jóhannesson og Snorri Gunnarsson hafa staðfest framangreinda framburði sína með eiði.

Miklu fleiri en hér að framan hafa verið taldir og kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn málsins, þar á meðal ýmsir starfsmenn veitingahússins í Tívoli, hafa verið spurðir, hvort þeir vissu til, að fólk hefði keypt áfengi í umræddu veitingahúsi til að fara með það brott og neyta þess utan veitingastaðarins, en ekkert af því fólki fyrir utan það, sem áður er nefnt, kveðst hafa orðið vart við slíka áfengissölu.

Sjálfur hefur kærði Dagaard staðfastlega haldið því fram, að hann hafi aldrei selt mönnum áfengi til að fara með það út úr húsinu, og kveðst hann aldrei hafa orðið þess var, að starfsfólk veitingahússins hefði gert slíkt, enda kveðst hann stranglega hafa bannað starfsfólkinu að gera það. Segir kærði Dagaard, að hafi það komið fyrir, að einhver starfsmaður veitingahússins hafi selt áfengi á þenna hátt, hafi það verið algerlega án sinnar vitundar. Kærði Dagaard segir það og vera alrangt, að hann hafi nokkru sinni lagt fyrir starfsfólk veitingahússins að afgreiða áfengi, til þess að farið yrði með það brott og þess neytt utan veitingastaðarins. Kveðst hann muna greinilega, þegar Steypustöðin h/f hélt aðalfund sinn í veitingahúsinu í Tívoli, og segir það vera rétt, að þá hafi annazt framreiðslu þjónarnir Christian Hjartarson og kærði Bjarni Guðjónsson, en hafi þeir afhent fundarmönnum áfengi til að fara með út úr veitingahúsinu, segir kærði Dagaard það algerlega hafa verið án vitundar sinnar, og segir hann það alrangt, að hann hafi gefið skipun

um slíkt. Kærði Dagaard segir það einnig vera rangt, að Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður hafi fengið hjá sér áfengisflösku til að fara með. Kærði Dagaard hefur þó tekið fram, að Davíð Ágúst Guðmundsson trésmiður, sem nefndur er hér að framan, hafi einu sinni eða tvisvar sinnum fengið lánaða hjá sér áfengisflösku til að hafa með sér brott af staðnum, meðan Davíð Ágúst vann við smíðar í margnefndu veitingahúsi, gegn því, að hann borgaði áfengið í sama, en það segir kærði Dagaard hann ekki hafa gert.

Kærði Ólafur kveðst ekki vita til, að áfengi hafi nokkru sinni verið selt út eða afhent úr veitingahúsinu í Tívoli til neyzlu utan þess.

### *Um III.*

Kærði Dagaard hefur viðurkennt, að vínveitingar í veitingahúsinu í Tívoli hafi hafizt kl. 4 e. h. á laugardögum og sunnudögum haustið 1949, fyrst eftir að Vetrarklúbburinn hóf starfsemi sína, enda hafa fullyrðingar um þetta komið fram við rannsókn þessa máls. Veitingar þessar segir kærði Dagaard hafa verið fyrir félagsmenn og gesti þeirra, og kveðst hann ekki hafa vitað annað en að þetta fyrirkomulag um vínveitingar væri heimilt. Bar hann fyrst í stað, að ákvörðun um vínveitingar á þessum tíma hefði verið tekin í samráði við kærða Ólaf, en kærði Ólafur mótmælti þessu hins vegar og kveðst þegar, eftir að hann komst að því, að áfengi væri veitt á þessum tíma á þessum stað, hafa tjáð kærða Dagaard, að slíkar vínveitingar væru óheimilar að hans áliti. Í lok rannsóknar málsins tók kærði Dagaard fram, að ekki væri hann viss um, að kærði Ólafur hafi vitað um þessar vínveitingar, er þær hófust, og kveðst hann (kærði Dagaard) muna, að kærði Ólafur hafi nefnt við sig, nokkru eftir að margnefndar vínveitingar hófust, að hann (kærði Ólafur) teldi þær ólöglegar, en þá kveðst kærði Dagaard þegar hafa verið hættur vínveitingum á þessum tíma.

Vitnið Valdimar Jónsson, sem áður er nefnt, hefur borið, að það hafi fengið afgreidda „sjússa“ á barnum í Tívoli, eftir að dansleikum þar lauk.

Vitnið Höskuldur Austmar matsveinn, Reykjavíkurvegi 29, kveðst hafa komið inn í veitingasali Tívoli nótt eina á síðastliðnu sumri um tvöleytið. Segir það þá margt fólk hafa setið við barinn í veitingahúsinu, og hafi það ekki getað betur séð en að þessu fólki hafi verið veitt það, sem það bæð um. Kærða Dagaard segir það hafa gefið sér einn „vermouth“ við barinn. Þetta segir vitnið hafa verið á fimmtudegi.

Framburði sína hér að lútandi hafa vitnin Valdimar Jónsson og Höskuldur Austmar staðfest með eiði.

Kærði Dagaard hefur staðfastlega neitað því, að áfengi hafi verið afgreitt í veitingahúsinu í Tívoli, eftir að dansleikum lauk þar, og einnig hefur kærði Ólafur tekið fram, að hann viti ekki til, að vínveitingar hafi farið fram í veitingahúsinu í Tívoli lengur en leyfilegt er. Annars hefur ákærði Ólafur tekið fram viðvikjandi þeim kæruatriðum yfirfitt, sem þegar hefur verið minnzt á, að hafi eitthvað farið á annan

veg en leyfilegt er í sambandi við lokunartíma, vínveitingar o. fl., varðandi rekstur Vetrarklúbbsins, hafi það a. m. k. ekki verið með vitund sinni og vilja, en sjálfur kveðst hann ekki hafa haft aðstöðu til að fylgjast sjálfur með því, að settum reglum væri fylgt, heldur falið kærða Daugaard og öðru starfsfólki veitingahússins að sjá um það.

Einnig hefur kærði Ólafur tekið fram, að áður en starfræksla Vetrarklúbbsins hófst haustið 1949, hafi hann brýnt fyrir kærða Daugaard að fylgja settum reglum um lokunartíma, vínveitingar o. fl. Út af þessu hefur kærði Daugaard tekið fram, að hann minnst þess að visu ekki, að kærði Ólafur hafi brýnt þetta fyrir sér, enda segir hann sér þessi atriði hafa verið ljós, en kveðst þó ekki vilja rengja framburð kærða Ólafs um þetta, þótt ekki minnst hann þessa sérstaklega.

#### *Um IV.*

Í októbermánuði 1949 eða um það leyti, sem rekstur Vetrarklúbbsins hófst, tók kærði Ólafur fyrir hönd klúbbsins á leigu veitingaskálann í Tívoli, sem Tívoli-Café h/f á, og mun Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, sem er í stjórn Tívoli-Café h/f, hafa átt hlut að samningagerðum um þetta fyrir hönd fyrrnefnds hlutafélags.

Var um leigutökuna gerður skriflegur samningur, en ekki mun hafa verið minnt á neitt veitingaleyfi eða framsal þess í honum. Kærði Ólafur segir sér þó hafa skilzt, að veitingaleyfi eigenda eða hluthafa Tívoli-Café h/f fylgdi með samkvæmt þessum leigusamningi, og hefur hann borið, að fyrst í stað hafi umrætt hlutafélag tekið þátt í rekstri Vetrarklúbbsins, en ekki mun þó neinn eigenda eða hluthafa í Tívoli-Café h/f hafa starfað að rekstri Vetrarklúbbsins, og hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður tekið fram, að hann hafi ekki haft neitt með rekstur veitingahússins í Tívoli að gera, eftir að Vetrarklúbburinn tók það á leigu, og einnig hefur hann tekið fram, að ekki hafi verið minnt á neitt veitingaleyfi eða neins konar framsal þess, þegar kærði Ólafur tók veitingahúsið á leigu fyrir rekstur Vetrarklúbbsins. Sjálfur hefur kærði Ólafur ekki veitingaleyfi né neinn, sem starfaði að rekstri Vetrarklúbbsins veturinn 1949—1950 og síðastliðið sumar.

Síðari hluta vetrar 1949—1950 segir kærði Ólafur sér hafa verið orðið ljóst, að Tívoli-Café h/f lagði ekki til veitingaleyfi fyrir Vetrarklúbbinn. Átti hann þá tal við Gunnlaug Ólafsson bryta, Viðimel 60, en hann mun hafa veitingaleyfi. Kveðst kærði Ólafur nú hafa nefnt við Gunnlaug, hvort hann vildi ekki taka þátt í rekstri veitingahússins í Tívoli og njóta hagnaðar af honum, ef því væri að skipta, gegn því, að hann (Gunnlaugur) legði veitingaleyfi sitt til rekstrarins. Þessari uppástungu segir kærði Ólafur Gunnlaug hafa svarað játandi, en ekki hafi nánar verið um þetta rætt, en kærði Ólafur kveðst hafa skilið ummæli og samtál þeirra Gunnlaugs þannig, að ekki þyrfti frekara samþykkis hans til, að hann gengi af sjálfu sér inn í rekstur veitingahússins, ef á þyrfti að halda.

Út af þessu hefur Gunnlaugur Ólafsson bryti tekið fram, að enginn

formlegur samningur hafi verið gerður við sig um, að veitingahúsið í Tivolí yrði rekið á sínu nafni eða með veitingaleyfi sínu, heldur hafi hann aðeins sagt, að slíkt gæti komið til mála, í lauslegu samtali, sem hann átti við kærða Ólaf í skrifstofu hans. Kveðst Gunnlaugur ekki á neinn hátt hafa litið á þetta vilyrði sitt sem bindandi fyrir sig, enda kveðst hann aldrei myndi hafa fallið á að taka þátt í rekstri veitingahússins með öðru móti en því, að um slíkt yrðu gerðir formlegir samningar, þar sem ákveðið væri, hver ræki veitingahúsið o. s. frv.

Gunnlaug minnir, að í þessu samtali þeirra kærða Ólafs hafi eitthvað verið minnzt á ágóðahlut, sem falla skyldi til hans, ef einhver yrði og hann (Gunnlaugur) vildi leggja til veitingaleyfi sitt við rekstur margnefnds veitingahúss.

Þess skal að lokum getið, að við athugun á starfsferli kærða Dagaards hér á landi kom í ljós, að hann hefur starfað hér atvinnuleyfislaust frá 1. jan. 1949. Hefur hann annars dvalið hér á landi síðan í októbermánuði 1946 og starfað frá þeim tíma á ýmsum stöðum hér á landi ýmist með eða án atvinnuleyfis.

Hefur þá atvikum, varðandi framangreind atriði, verið lýst, svo sem ástæða þykir til, og ber þá næst að athuga, hvort kærðu hafi brotið þau ákvæði laga og annarra refsheimilda, sem mál þetta er höfðað gegn þeim fyrir brot á.

Með eiðfestum framburðum vitnanna Höskuldar Jóhannessonar, Snorra Rögnvalds Gunnarssonar og Valdimars Jónssonar og kærða Bjarna Guðjónssonar, sem studdur er af ákveðnum framburðum vitnanna Karls Laxdals Björnssonar, Bjarna Þórðarsonar, Þuriðar Erlendsdóttur, Hafliða Þóris Jónssonar, Gísla Einarssonar, Steingríms Gíslasonar, Ingvars Erasmus Einarssonar og Tryggva Friðlaugssonar verður að telja fullsannað, að fólki hafi verið veittur aðgangur að skemmtunum, sem Vetrarklúbburinn hélt, eftir lögboðinn lokunartíma dansleika og að kærða Dagaard hafi verið fullkunnugt um þetta, enda hafa vitnin Höskuldur Jóhannesson, Bjarni Þórðarson, Snorri Rögnvaldur Gunnarsson, Þuriður Erlendsdóttir, Valdimar Jónsson o. fl. borið, að hann (kærði Dagaard) hafi sjálfur veitt fólki aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma. Með þessu athæfi telst kærði Dagaard hafa brotið 79. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Með eiðfestum framburðum vitnanna Höskuldar Jóhannessonar og Snorra Rögnvalds Gunnarssonar, sem studdur er af ákveðnum framburðum vitnanna Þuriðar Erlendsdóttur, Davíðs Ágústs Guðmundssonar og Christians Hjartarsonar, verður og að telja sannað, að áfengi hafi verið selt í veitingahúsinu í Tivolí, meðan Vetrarklúbburinn rak það, og að slík áfengissala hafi farið fram með vitund og vilja kærða Dagaards, enda hafi hann sjálfur selt áfengi á þenna hátt, sbr. framburði vitnanna Höskuldar Jóhannessonar, Þuriðar Erlendsdóttur og Davíðs Ágústs Guðmundssonar. Með þessu athæfi telst kærði Dagaard hafa gerzt brotlegur við 10. gr., 2. tölul., sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar

1935 og 12. gr. reglugerðar nr. 126 7. ágúst 1945 um sölu og veitingar áfengis.

Með játningu kærða Daugaards, sem studd er af öðrum gögnum í máli þessu, telst enn fremur sannað, að hann hafi efnt til áfengissölu í veitingahúsinu í Tívoli á öðrum tímum en leyfilegt er, þ. e. frá kl. 4 e. h. um helgar, fyrst eftir að rekstur Vetrarklúbbsins hófst og veitingasala í sambandi við þann rekstur, og með eiðfestum framburðum vitnanna Valdimars Jónssonar og Höskuldar Austmars verður að telja sannað, að veitt hafi verið áfengi í umræddu veitingahúsi (við barinn), eftir að dansleikum lauk þar og þar með að sjálfsögðu á óleyfilegum tíma.

Telst kærði Dagaard, sem ótvíræða ábyrgð verður að telja að beri á þessu athæfi, með því hafa gerzt sekur við 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 126/1945, sbr. 11. gr. áfengislaga nr. 33/1935.

Þá verður loks að telja sannað samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, að kærði Dagaard hafi starfað atvinnuleyfislaust allan þann tíma, sem hann var forstjóri Vetrarklúbbsins, enda hefur kærði enga tilraun gert til að mótmæla því. Hefur kærði Dagaard með þessu unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 39 15. marz 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Hins vegar verður ekki séð, að kærði Dagaard beri ábyrgð á því, þótt veitingasala í sambandi við rekstur Vetrarklúbbsins hefði farið fram án veitingaleyfis, ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að veitingaleyfi hefði ekki verið fyrir hendi til slíkrar starfsemi, þar eð ekki verður annað séð en að kærði Dagaard hafi aðeins verið starfsmaður Vetrarklúbbsins, en ekki hafi hann á neinn hátt rekið þetta fyrirtæki eða veitingasölu þess sjálfur eða á sinu nafni, enda verður ekki séð, að kærði Dagaard hafi einu sinni vitað um, að ekki væri allt með felldu um veitingaleyfið til rekstrar veitingastarfsemi í sambandi við starfsemi Vetrarklúbbsins. Samkvæmt framansögðu þykir því bera að sýkna kærða Dagaard af ákæru ákæruvaldsins fyrir meint brot á lögum nr. 21/1926 um veitingasölu o. fl.

Refsing kærða Daugaards þykir samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, 2. mgr. 34. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sem hér telst eiga við, þótt ekki geti kærði Dagaard beinlínis talizt þjónustumaður í veitingahúsinu í Tívoli, 18. gr. reglugerðar nr. 126/1945 og 9. gr. laga nr. 39/1951 og með tilliti til 1. gr. laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 6000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt um öflun veitingaleyfis eða veitingaleyfishafa til rekstrar veitingasölu í veitingahúsinu í Tívoli, meðan Vetrarklúbburinn hafði hús þetta á leigu, er ljóst, að mjög ótryggilega hefur verið gengið frá slíkri öflun, bæði áður en Vetrarklúbburinn hóf starfsemi sína svo og síðar, er sérstakt tilefni varð til þess. Verður ekki annað séð en að veitingasalan á fyrrnefndum tíma og stað hafi verið rekin veitingaleyfislaust, þar eð báðir þeir aðiljar, sem talið var, að tekið hefðu að sér rekstur veitingasölnunnar, hafa ein-

dregið neitað því, að þeir hafi nokkru sinni tekið að sér reksturinn eða lagt til veitingaleyfi fyrir hann. Eftir því, sem sagt er hér að framan um þetta atriði, verður ekki annað séð en að á þessari vöntun veitingaleyfis hafi kærði Ólafur og hann einn borið ábyrgð, þar eð ekki er vitað um aðra en hann, sem tekið hefðu útvegum slíks leyfis eða leyfishafa að sér, enda var útvegum þessi mest eða eingöngu í hans þágu og í samræmi við hagsmunum hans sem formanns stjórnar Vetrarklúbbsins, sem rak veitingasölu. Samkvæmt þessu telst kærði Ólafur hafa gerzt brotlegur við 2. gr. laga nr. 21 15. júní 1926 um veitingasölu o. fl.

Hins vegar telst kærði Ólafur ekki hafa gerzt sekur við lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930, áfengislög nr. 33/1935 og reglugerð nr. 126/1945, þar eð ekki telst sannað, að hann hafi vitað um það misferli, sem samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, er talið sannað, að átt hafi sér stað í sambandi við aðgang að skemmtunum í veitingahúsinu í Tívoli eftir lokunartíma, áfengissölu þar og áfengisveitingar. Hefur kærði Ólafur tekið fram, eins og fyrr segir, að hann hafi ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, að settum reglum í sambandi við rekstur veitingahússins væri fylgt, heldur falið öðrum það, og verður að telja þessa staðhæfingu kærða Ólafs sennilega. Þykir því bera að sýkna kærða Ólaf af ákæru ákærvaldsins fyrir meint brot á fyrrnefndum áfengislögum, lögreglusamþykkt Reykjavíkur og reglugerð um sölu og veitingar áfengis (nr. 126/1945).

Refsing kærða Ólafs þykir samkvæmt 15. gr. laga nr. 21/1926 og með tilliti til 1. gr. laga nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun féseкта hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með játningu kærða Bjarna Guðjónssonar telst sannað, að hann hafi a. m. k. í eitt skipti látið af hendi áfengi, sem greiðsla skyldi koma fyrir, til neyzlu utan veitingastaðar, meðan hann starfaði sem þjónn í veitingahúsinu í Tívoli, og hefur hann með því atferli sínu gerzt brotlegur við 10. gr., 2. tölul., sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 12. gr. reglugerðar nr. 126/1945, og þykir refsing hans samkvæmt 2. mgr. 34. gr. áfengislaganna og 18. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og með tilliti til 1. gr. laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 400 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Daugaard greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00, og annan sakarkostnað greiði hann að hálfu leyti, en hinn helming sakarkostnaðar greiði þeir kærði Ólafur og Bjarni in solidum.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af önnum við embættið. Málið hefur annars orðið allumfangsmikið, og hefur fjöldi fólks verið kvaddur fyrir rétt út af því, eins og réttarprófin bera með sér.

## Dómsorð:

Kærði Francis Pichering Daugaard greiði 6000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Sveinsson Björnsson greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Bjarni Guðjónsson greiði 400 króna sekt til Menningar-sjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Daugaard greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00, og annan sakarkostnað greiði hann að hálfu leyti, en hinn helming sakarkostnaðarins greiði þeir kærðu Ólafur og Bjarni in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Kærumálið nr. 9/1952.

**Haraldur Júlíusson f. h.**

**Björns Hauks Baldvinssonar**

gegn

**Vagni Jónssyni.**

Synjun frests í innsetningarmáli.

### Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. apríl þ. á., er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 198. gr. laga nr. 85/1936 úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 9. apríl þ. á., þar sem varnaraðilja er veittur frestur í innsetningarmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann kæri úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð í málinu og